



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir malar- og sandnám og olúgeymi til eigin nota (Björgun) að Víðinesvegi
22/Álfsnesvík, F2513106

Nafn leyfishafa: Björgun ehf.

Heimilisfang: Völuteigur 9

Póstnúmer: 270

Kennitala: 460169-7399

Útgáfudagur leyfis: 17. janúar 2023

Gildir til: 17. janúar 2035

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisráðgjafna sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með starfsleyfisráðgjafna fyrir malar- og sandvinnslu Björgunar og olúgeyma til eigin nota í Álfsnesvík/Víðinesvegi 22 og almennum starfsleyfisráðgjafna heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 17. janúar 2023


Óskar Sveinsson
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfsemi óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
 - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
 - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
 - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
 - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lykta eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífoldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7 Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.



Starfsleyfisskilyrði fyrir malar- og sandvinnslu Björgunar ehf. og olúgeyma til eigin nota í Álfsnesvík.

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir Björgun ehf., kt. 460169-7399, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir, m.s.br. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber rekstraraðila að fylgja, eftir því sem við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.
- 1.2 Starfsleyfið gildir til 17. janúar 2035.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir efnisvinnslu (malar- og sandvinnslu) og olúgeyma til eigin nota á athafnasvæði rekstraraðila í Álfsnesvík.
- 1.4 Starfsleyfið gildir fyrir vinnslu sand- og malarefnis allt að 350.000 m³ árlega á gildistíma leyfisins.
- 1.5 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- 1.6 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum 14. gr. í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.7 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.8 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.9 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.10 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.11 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.12 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðila er skylt að láta



eftirlitsaðila í té þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að kanna hvort skilyrðum starfsleyfis sé fullnægt.

- 1.13 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisskilyrðum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.14 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Athafnasvæði og umgengni

- 2.1 Staðsetning starfsemi á athafnasvæðinu skal vera í samræmi við „Mynd 2 yfirlitsmynd af vinnslusvæðinu“ í fylgiskjali með umsókn um starfsleyfi (Björgun. Efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík. Umsókn um starfsleyfi. Mannvit ágúst 2022)
- 2.2 Rekstraraðili skal halda ytra umhverfi snyrtilegu og gæta hreinlætis í hvívetna.
- 2.3 Vélar, tæki, búnaður, hráefni, úrgangur og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á athafnasvæði fyrirtækisins skal þannig frágengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágretta. Tæki og áhöld sem eru starfseminni óviðkomandi skulu ekki geymd á athafnasvæðinu.
- 2.4 Koma skal í veg fyrir fok sand- og malarefna frá athafnasvæði rekstraraðila. Rekstraraðili skal hafa viðbragðáætlun sem miðar að því að hefta rykmengun við móttöku, geymslu og flutning hráefna. Viðbragðsáætlunin skal hafa borist Heilbrigðiseftirlitinu til samþykktar ekki síðar en 1. mars 2023.
- 2.5 Athafnasvæðið skal vera afmarkað til að hindra aðgengi almennings að því. Hlið skulu vera læst utan athafnatíma.
- 2.6 Rekstraraðili skal takmarka aðsókn meindýra að athafnasvæðinu með skipulögðum meindýravörnum. Yfirlitsmynd er sýnir meindýravarnir skal vera aðgengileg eftirlitsaðila. Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu.

3. Meðhöndlun úrgangs

- 3.1 Allur úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar, annaðhvort til endurnýtingar hjá rekstraraðila með gilt starfsleyfi fyrir starfseminni eða til viðeigandi söfnunar- eða móttökustöðvar með gilt starfsleyfi. Flokkun úrgangs skal vera í samræmi við ákvæði laga og reglugerða þar um.
- 3.2 Ílát undir úrgang sem staðsett eru utanhúss, skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlits og vera tryggilega lokuð svo ekki verði fok úr þeim.
- 3.3 Spilliefnum skal safna sér í lokuð og lekaheld spilliefnakör og komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með gilt starfsleyfi.



4. Fráveita

- 4.1 Allt vinnsluvatn þ.e. vatn sem notað er við dælingu, skolun á efni og í sandþvottastöð, skal leitt í setlón þar sem finefni sest til á botn lónsins.
- 4.2 Hreinsa skal finefni úr lóninu eftir þörfum til að tryggja að hreinsigeta lónsins haldist nægjanleg. Ekkert afrennsli á að vera úr setlóninu.
- 4.3 Sjávarmegin við setlón má hvergi vera: set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir), olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir og efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.
- 4.4 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal leitt í rotþró af nægjanlegri stærð sem tæma skal reglulega af aðila með gilt starfsleyfi til flutnings á spilliefnum. Æskilegt er að tengja frárennsli frá starfsmannaaðstöðu við frárennsliskerfi sveitarfélagsins ef kostur er á því.

5. Vöktun á setflutningum.

- 5.1 Rekstraraðili skal vakta mögulega útlosun á finefni eða seti úr setlóni til sjávar.
- 5.2 Vöktun skal vera á formi dýptarmælinga á sjávarbotni utan við setlónið og loftmyndun af sjó við setlónið þegar sjó er hleypt á milli vinnslu- og setlóna.
- 5.3 Til grundvallar dýptarmælinga skulu lögð gögn um dýptarmælingar sem aflað var af Björgun haust 2022 (skrárheiti Alfsnesvik.pts) og haust 2017 (skrárheiti þerneyjarsund.txt).
- 5.4 Dýptarmælingar vegna vöktunar skulu fara fram í fyrsta sinn 6 mánuðum eftir gildistöku starfsleyfis og síðan á 12 mánaða fresti nema niðurstöður gefi tilefni til endurskoðunar á tíðninni, sbr. einnig gr. 5.7.
- 5.5 Niðurstöður dýptarmælinga skal senda Heilbrigðiseftirlitinu strax og þær liggja fyrir á formi þrívíddarkorts sem sýnir breytingar á sjávarbotni miðað við mælingar sem lagðar eru til grundvallar sbr. gr. 5.3.
- 5.6 Þegar aðstæður leyfa skulu teknar loftmyndir og myndskleið af sjó við setlónið þegar verið er að hleypa vinnsluvatni á milli vinnslu- og setlóna til að meta hvort gruggmyndun verði í sjó. Tíðni myndatöku er háð aðstæðum og skal ákvörðuð í samráði við Heilbrigðiseftirlitið fyrir hverja lotu landana á efni. Myndir og myndskleið skal senda til Heilbrigðiseftirlitsins til yfirferðar strax og gögnin liggja fyrir.
- 5.7 Heilbrigðiseftirlitið áskilur sér rétt til endurskoðunar á vöktunaráætlun að loknum dýptarmælingum og myndatökum hverju sinni, gefi niðurstöður tilefni til.
- 5.8 Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun, sem HER hefur samþykkt, sem skilgreinir hvernig hreinsa á sjávarbotn og koma í veg fyrir frekari setflutninga úr setlóninu, sýni niðurstöður dýptarmælinga og/eða myndatöku að set berist úr setlóninu. Viðbragðsáætlunin skal berast Heilbrigðiseftirlitinu til samþykktar ekki síðar en 1. mars 2023.



- 5.9 Verði starfsmenn rekstraraðila varir við að set berist út fyrir vinnslu- eða setlón, hvort sem er vegna starfseminnar eða vegna óhapps ber að tilkynna það þegar í stað til Heilbrigðiseftirlitsins.

6. Hávaði og titringur

- 6.1 Draga skal úr hávaða og titringi frá starfsemi eins og kostur er.
- 6.2 Um hávaða fer skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum fyrir atvinnustarfsemi sem tilgreind eru í töflu III í reglugerð um hávaða.
- 6.3 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða.
- 6.4 Valdi titringur frá starfseminni ónæði í nágrenni starfseminnar ber rekstraraðila að leita lausna á því og grípa til viðeigandi ráðstafana sem get m.a. falið í sér að koma fyrir dempanði búnaði við vinnslustæður eða draga úr afköstum til að minnka titring.

7. Mengunarvarnir

- 7.1 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu fáanlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Nýta skal orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.
- 7.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist.
- 7.3 Komi til meiriháttar óhapps t.d. ef mengunarefni berast út í umhverfið sem gætu stofnað heilsufari almennings í hættu og/eða valdið röskun lífríkis skal þegar tilkynna um óhappið til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í síma 112 ásamt Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Í þeim tilvikum sem lög kveða á um skal einnig tilkynna mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar.

8. Olúgeymar

- 8.1 Við rekstur olúgeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, og úrgangi þessara efna ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 8.2 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 8.3 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki. Olíuskilja skal vera skv.



leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í reglugerð nr. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.

- 8.4 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 8.5 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna. Koma skal í veg fyrir sjálfrennsli frá geyminum.

9. Innra eftirlit og skráningar

- 9.1 Rekstraraðili skal hafa reglulegt innra eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal eftirfarandi og skulu skráningar ávallt vera aðgengilegar Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur:
 1. Upplýsingar um móttöku sand- og malarefna. Skrá skal magn, uppruna og meðhöndlun.
 2. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 6.3.
 3. Rekstur setlóns, s.s. eftirlit og hreinsun setlóns.
 4. Vöktun á finefni og setflutningum.
 5. Staðfesting á skilum á spilliefnum, m.a. gerð, magn, flutnings- og móttökuaðila.
 6. Kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar og viðbrögð rekstraraðila við þeim.
 7. Meindýravarnir, s.s. forvarnir, tilfelli er meindýra verður vart og aðgerðir, sbr. gr. 2.6.
- 9.2 Rekstraraðili skal fyrir 1. mars ár hvert skila skýrslu með samantekt skráninga sbr. gr. 9.1 fyrir síðasta almanaksár til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar upplýsingar.

10. Stöðvun rekstrar

- 10.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 10.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað,



gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.

- 10.3 Að öðru leyti skal hlíta ákvæðum 17. og 19. gr. í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs við lok starfseminnar.



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Björgun ehf.

kt. 460169-7399

Völuteig 9 Mosfellsbæ

vegna malar og sandvinnslu og olúgeyma til eigin nota í starfstöð fyrirtækisins að Víðinesvegi 22, F2513106, í Álfsnesvík.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur móttók þann 12. júlí 2022 umsókn Björgunar ehf. kt. 460169-7399 um starfsleyfi fyrir malar- og sandvinnslu, vélsníði og vélaverkstæði og olúgeymum til eigin nota í starfstöð fyrirtækisins að Víðinesvegi 22 í Álfsnesvík í Reykjavík.

Um er að ræða nýja starfsemi en fyrirtækið var áður með sambærilega starfsemi að Sævarhöfða í Reykjavík en starfsemin hefur ekki verið í rekstri í um 3 ár. Móttaka umsóknar var auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER), <https://reykjavik.is/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi> þann 14. desember 2022. Frá móttöku umsóknar að auglýsingu á móttöku var unnið að tillögu að starfsleyfi með sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemina í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, orku- og efnanotkun, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og rekstur og viðhald viðeigandi mengunarvarnarbúnaðar, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit og skráningar.

Á vinnslutíma tillögu að starfsleyfi kom fram að húsnæði fyrir vélaverkstæði yrði ekki tilbúið strax og því ljóst að ekki fengist jákvæð umsögn byggingarfulltrúa. Björgun ehf. ákvað því að óska eftir því að ekki væri gefið út starfsleyfi fyrir þeim hluta starfseminnar að svo komnu máli til að tefja ekki fyrir útgáfu starfsleyfis fyrir malar- og sandvinnslu og olúgeymum til eigin nota.

2. Umsögn skipulags- og byggingarfulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaðþróun og sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um þessa þætti. Fyrir liggur að deiliskipulag fyrir athafnasvæði Björgunar í Álfsnesvík var samþykkt í borgarráði 2. apríl 2020.

Þann 30. september 2022 sendi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulagsfulltrúa. Þann 18. október 2022 barst jákvæð umsögn umsögn skipulagsfulltrúa um erindið, dags. 13. október.

Sem fyrr segir var húsnæði sem hýsa á skrifstofur, starfsmannaaðstöðu og verkstæði ekki tilbúið þegar kom að auglýsingu á tillögu að starfsleyfi. Í samtölum HER bið embætti byggingarfulltrúa kom fram að ekki væri talin þörf á umsögn byggingarfulltrúa vegna samstæðu til flokkunar á malarefnum en að umsagnar yrði leitað



þegar sótt yrði um að bæta við starfsemi á verkstæði við starfsleyfið enda væri húsnæðið þá tilbúið og úttekið af byggingarfulltrúa.

3. Mat á umhverfisáhrifum vegna landfyllingar og hafnargerðar fyrir efnisvinnsluvæði Björgunar á Álfsnesi.

Í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit segir að sé atvinnurekstur, sbr. I., VII., IX. og X. viðauka, háður mati á umhverfisáhrifum eða tilkynningarskyldur skal niðurstaða matsins eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu liggja fyrir áður en tillaga að starfsleyfi er auglýst. Útgefandi starfsleyfis skal kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar hvað varðar tengsl við verkvið útgefanda. HER vekur athygli á því að mat á umhverfisáhrifum snéri að framkvæmdinni við að útbúa aðstöðu fyrir væntanlega starfsemi Björgunar þ.e. við landfyllingu og hafnargerð við efnisvinnsluvæði Björgunar, en einungis að litlu leyti að starfsemi sjálfri sem HER hefur til umfjöllunar vegna umsóknar um starfsleyfi.

Þann 16 ágúst 2019 lagði Björgun ehf. fram frummatsskýrslu um athafnasvæði Björgunar við Álfsnesvík, Reykjavík til athugunar hjá Skipulagsstofnunar, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 30. ágúst 2019 og lá fram til kynningar 30. ágúst til 11. október 2019.

Þann 11. desember 2019 lagði Björgun ehf. fram matsskýrslu og óskaði eftir álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Í matsskýrslu kemur fram að Björgun undirbúi að flytja starfsemi sína frá Sævarhöfða í Reykjavík að Álfsnesvík á Álfsnesi á svæði sem er að hluta á landi og hluta á nýrri landfyllingu, þar verði viðlegukantur fyrir skip og dýpka þurfi innsiglingu.

Í skýrslunni kemur fram að við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur hafi verið farið yfir sex valkosti fyrir mögulega staðsetningu starfsemi Björgunar við strandlengju Reykjavíkur. Áhrif framkvæmdarinnar þ.e. landfylling og höfn fyrir efnisvinnsluvæði Björgunar á Álfsnesi, á eftirtalda umhverfisþætti voru skoðuð; landslag, útivist, dýra og plöntulíf, ásýnd, menningarmínjar, mengun og truflun, náttúruvá, samspil við nærsvæði, náttúrulegar aðstæður, samgöngur, grunnkerfi og stærð svæðisins. Samkvæmt matsskýrslu er það rökstudd niðurstaða Reykjavíkurborgar og Björgunar að staðsetning á Álfsnesi sé besti kosturinn vegna fjarlægðar frá byggð þó gera megi ráð fyrir áhrifum á landslag og áhrifum vegna aksturs og uppbyggingar grunnkerfis. Helstu umhverfisáhrif þar séu talin að raska þurfi nær óröskuðu landi en náttúra og landslag séu ekki talin hafa ríka sérstöðu eða útivistagildi. Við útfærslu framkvæmda þurfi að lágmarka áhrif á minjar eins og kostur sé. Fjallað er um núllkost þar sem fram kemur að ef enginn af tilgreindum staðarvalskostum kemur til greina myndi það leiða til þess að fyrirtækið þyrfti að hætta vinnslu. Ekki sé talið raunhæft að staðsetja fyrirtækið utan höfuðborgarsvæðisins vegna fjarlægðar í námur sem fyrirtækið vinnur úr á hafsbotni, en þær eru á sundunum, í Kollfirði og Hvalfirði. HER telur umfjöllun um valkosti fullnægjandi.

Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum fyrir valda umhverfisþætti.

Landslag og ásýnd: Ljós er að ásýndarbreytingar munu verða bæði vegna landmótunar og landfyllingar en þar sem athafnasvæðið sé grafið niður eiga ásýndaráhrif eftir að vera minni en ella. Engu að síður er ljóst að nær óraskað land- og fjörusvæði mun taka á sig mynd iðnaðar- eða athafnasvæðis með tilheyrandi ásýndarbreytingum. Í matsskýrslu kemur fram að gera megi ráð fyrir allt að 12 m háum efnishaugum á svæðinu sem muni sjást víða af. Mun athafnasvæðið breyta talsvert ásýnd landsvæðisins séð frá Þerney og nálægum stöðum á Álfsnesinu en jafnframt af Geldinganesi sem er vinsælt útivistarsvæði samkvæmt matsskýrslu. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd og landslag eigi eftir að vera nokkuð neikvæð, bein og óafturkræf. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar eru ekki ábendingar um að taka þurfi tillit til ásýndar og landslags í ákvæðum starfsleyfis en HER tekur undir að ásýnd mun breytast og að efnishaugar og búnaður mun geta haft töluverð ásýndaráhrif. Verða áhrif á ásýnd metin í reglubundnu eftirliti með starfsemi og kröfur gerðar um úrbætur ef hæð efnishauga fer um fram það sem lýst var í matsskýrslu, auk þess sem brugðist verður við ábenginum um hið sama.

Lífriki í fjörum og sjó: Niðurstaða matsins er að Áhrif á botndýralíf og sjávarbotn munu verða nokkuð neikvæð, bein og óafturkræf með tilliti til umfangs rasks sem verður á botni við Þerneyjarsund. Með hliðsjón



af framlögðum gögnum og umsögnum telur Skipulagsstofnun að áhrif efnislosunar á lífríki sjávar í og við athafnasvæðis verði óveruleg að því gefnu að virkni setlóns verði eins og áætlað er og grugg sleppi ekki úr setlóni. Skipulagsstofnun telur að til að tryggja að áhrif efnislosunar á Leiruvog og Blikastaðakró verði lágmörkuð sé mikilvægt að grugg verði vaktað og að gripið verði til aðgerða verði virkni setlóns ekki fullnægjandi. Að mati Skipulagsstofnunar er rétt að í starfsleyfi verði ákvæði um mótvægisáðgerðir ef vöktun gefur tilefni til. HER telur að gruggmyndun geti fylgt starfsemi Björgunar og tekur undir mikilvægi þess að vöktun sé á því. Í tillögu að starfsleyfi eru ákvæði um vöktun á gruggmyndun og efnisflutningum og einnig ákvæði um að Björgun skuli grípa til frekari aðgerða til að koma í veg fyrir að grugg berist úr efnisþró leiði vöktun í ljós að svo sé. Með þessum ákvæðum er komið til móts við tilmæli Skipulagsstofnunar um ákvæði um mótvægisáðgerðir.

Lífríki á landi: Skipulagsstofnun telur ljóst að framkvæmdin hafi nokkuð neikvæði, bein og óafturkræf áhrif á gróður á framkvæmdasvæðinu. Á hluta þess svæðis sem og því svæði sem raskast vegna vegagerðar er að finna bæði vistgerðir með hátt verndargildi og sjaldgæfar jurtir. Einnig telur Skipulagsstofnun að vegna staðsetningar bráðabirgðavegar við sjávarlón sem hefur staðbundið mikilvægi fyrir fugla sé áhrif á fuglalíf óviss en líklegt sé að þau verði nokkuð neikvæð, bein og mögulega óafturkræf. HER telur að áhrif á lífríki á landi verði fyrst og fremst tengd framkvæmdinni en að litlu leyti vegna starfseminnar. Ekki er talin ástæða til að setja sérstök ákvæði í starfsleyfi vegna áhrif á lífríki á landi.

Straumar: Skipulagsstofnun telur, út frá fyrirliggjandi upplýsingum um straummælingar úr matskýrslu að breytingar á straumum í Þerneyjarsundi veri óverulegar, straumhraði um sundið eigi eftir að aukast að einhverju leyti en ekki þannig að áhrifin verði mikil. Skipulagsstofnun telur að áhrif vegna aukinnar ölduhæðar og skerspennu sé óvissu háð og tekur stofnunin undir með Náttúrufræðistofnun að eðlilegt sé að fylgst verði með að áhrifum þessa aukna álags og að vöktun ætti að vera tiltölulega fyrirhafnarlítill vegna nálægðar áhrifasvæðis við áætlað athafnasvæði. HER telur að fyrst og fremst sé um að ræða áhrif af framkvæmdinni við að útbúa athafnasvæðið en ekki af starfsemi Björgunar. Ekki er ljóst af texta í matskýrslu hver eigi að setja ákvæði um vöktun þessara áhrifa. Ekki eru ákvæði um vöktun áhrifa af völdum breytinga á straumum í starfsleyfi HER.

Menningarminjar: Skipulagsstofnun telur, með hliðsjón af fornleifaskráningu Borgarsögusafn og umsagnar Minjastofnunar, að svæðið á vestanverðu Álfsnesi við Þerneyjarsund, þar sem framkvæmdir voru fyrirhugaðar, eiga sér merka sögu og hafa mikið minja- og varðveislugildi. Á svæðinu séu þrjár minjaheildir sem hver um sig hefur hátt verndargildi. Minjastofnun og Borgarsögusafn telja að minjasvæðið sé einstakt og engar minjar líkar í Reykjavík, bæði hvað varðar aldur minjanna og menningarlegt gildi þeirra. Að mati Minjastofnunar eru minjarnar á svæðinu ein órjúfanleg heild sem í sameiningu mynda búsetulandslag sem vitnar um mannvist á svæðinu a.m.k. frá 14. öld fram á miðja 20. öld. Minjastofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd hafi eyðileggjandi og óafturkræf áhrif á minjaheildina og að staðsetning efnisvinnslusvæðisins hljóti að vera menningarlegt stórslys. Skipulagsstofnun telur að útfærsla á framkvæmdasvæðinu sé til þess fallin að lágmarka beint rask á þeim menningarminjum sem sé að finna á svæðinu. Ákveðin óvissa sé þó uppi varðandi áhrif landfyllingar og dýpkunar í Þerneyjarsundi á minjar sem kunna að leynast í seti. Þrátt fyrir að beint rask á minjum verði ekki mikið er það mat Skipulagsstofnunar, með hliðsjón af umsögn Minjastofnunar Íslands og fornleifaskráningar Borgarminjasafns Reykjavíkur, að framkvæmdin muni raska þeirri minjaheild sem finna má á vestanverðu Álfsnesi og að áhrif á menningarminjar verði verulega neikvæð, bein og óafturkræf.

Heilbrigðiseftirlitið telur að áhrif á menningarminjar verði vegna framkvæmda við gerð aðstöðu fyrir starfsemi Björgunar en ekki af venjubundinni starfsemi eftir að hún hefst. Ekki eru ákvæði í tillögu að starfsleyfi sem snúa að verndun menningarminja. Skipulagsstofnun var ekki með tilmæli um slík ákvæði í starfsleyfi í álitinu sínu.

Náttúruminjar:

Skipulagsstofnun telur líklegt að áhrif framkvæmdarinnar á náttúruminjar verði óveruleg. Ef áhrif af breyttu öldufari verði meiri en áætlað er í matskýrslu eru þó líkur á að áhrifin verði nokkuð neikvæð og því mikilvægt að fylgst verði með áhrifum á strandsvæði Þerneyjar. Einnig telur Skipulagsstofnun að það sé alltaf möguleiki á því að slys verði við eða á athafnasvæðinu og að áhrif frá óhöppum geti haft áhrif á bæði verndargildi Leiruvogs og Þerneyjar og því mikilvægt að gerð verði aðgerðaáætlun til að bregðast við ef mengunarslys verði svo unnt sé að lágmarka þau áhrif eftir fremsta megni.

Heilbrigðiseftirlitið telur að áhrif af starfseminni á náttúruminjar verði óveruleg nema til komi að efnislosun frá setþró eða mengunaráhapp eigi sér stað. Í starfsleyfisskýrslum eru ákvæði um að Björgun skuli vera með viðbragðsáætlun sem HER hefur samþykkt sem skilgreinir hvernig hreinsa á sjávarbotn og koma í veg fyrir



frekari setflutninga úr setlóninu, sýni niðurstöður vöktunar á setflutningum að set berst úr setlóninu. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar eru ekki tilmæli um að sérstök ákvæði séu varðandi verndun náttúruminja í starfsleyfi HER.

Samfélag:

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir og rekstur geti valdið efnisfoki, sér í lagi í ljósi eðlis athafnasvæðisins og að vindasamt sé á Álfsnesi. Með boðuðum mótvægisáðgerðum sé þó hægt að lágmarka áhrif vegna efnisfoks. Svæðið er líklegast ekki mikið notað sem útivistarsvæði og litlar líkur samkvæmt hljóðvistarlíkönnum að hljóðvist eigi eftir að fara yfir viðmið reglugerðar, Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á samfélag séu háð ákveðinni óvissu en líklegast sá að áhrifin verði óveruleg.

Heilbrigðiseftirlitið hefur bent á möguleika á endurkasti á hljóð frá starfsemi af klettabeltum í Esjuhlíðum sem mögulega gætu valdið ónæði við hús. Ekki er tekið undir það í matsskýrslu og þarf reynslan að leiða í ljós hvort þessi áhrif koma fram. Í starfsleyfisskýrðum eru ákvæði varðandi hávaða og titring frá starfsemi og eru til þess fallin að hægt sé að gera úrbótakröfur verði ónæði af völdum hávaða eða titrings frá starfsemi. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar eru ekki tilmæli um að sérstök ákvæði vegna áhrifa á samfélag verði í starfsleyfi.

Niðurstaða umhverfismats:

Fyrirhugað er að flytja starfsemi Björgunar frá Sævarhöfða í Reykjavík að Álfsnesvík á Álfsnesi. Framkvæmdirnar felast meðal annars í gerð landfyllingar og dýpkunar innsiglingar, gerð viðlegukants og bráðabirgðavegar.

Í undirbúningi framkvæmdarinnar voru sex valkostir skoðaðir fyrir mögulega staðsetningu athafnasvæðis Björgunar. Niðurstaða framkvæmdaraðila var sú að fyrirhugaður framkvæmdakostur við Álfsnesvík sé besti kosturinn, m.a. vegna meiri fjarlægðar frá byggð auk þess sem þar séu náttúrulegar aðstæður til landmótunar og hafnargerðar hagstæðar.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæð áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði á menningarminjar á vestanverðu Álfsnesi við Þerneyjarsund. Með hliðsjón af umsögn Minjastofnunar Íslands og fornleifaskráningar Borgarsögusafns Reykjavíkur telur Skipulagsstofnun að um sé að ræða einstakt minjasvæði. Þrátt fyrir beint rask á minjum verði takmarkað þá munu framkvæmdir rýra gildi svæðisins og valda miklu raski á því merka menningarlandsslagi sem þar er að finna. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á menningarminjar verði veruleg neikvæð, bein og óafturkræf.

Önnur áhrif af framkvæmdunum er m.a. röskun á öröskuðu svæði, bæði vegna landfyllingar, dýpkunar og landmótunar lóðar. Ásýndarbreytingar munu verða bæði vegna landmótunar og landfyllingar en þar sem athafnasvæðið er grafið niður eiga ásýndaáhrif að vera minni en ella. Engu að síður er ljóst að nær óraskað land- og fjörusvæði mun taka á sig mynd iðnaðar- eða athafnasvæðis með tilheyrandi ásýndarbreytingum.

Að mati Skipulagsstofnunar koma áhrif á botndýralíf og sjávarbotn til með að vera nokkuð neikvæð, bein og óafturkræf með tilliti til umfangs rasks sem verður á botni við Þerneyjarsund. Einnig telur stofnunin óvíst hver áhrif framkvæmdarinnar verði á botndýralíf í nágrenninu, s.s. vegna gruggmyndunar og telur stofnunin mikilvægt að í starfsleyfi sé kveðið á um vöktun á gruggmyndun og ákvæði um mögulegar úrbætur á setlóni til þess að draga úr áhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif vegna aukinnar ölduhæðar og skerspennu sé óvissu háð og tekur stofnunin undir með Náttúrufræði stofnun að eðlilegt sé að fylgst verði með að niðurstöður áhrifa og að vöktun ætti að vera tiltölulega fyrirhafna lítil vegna nálægðar áhrifasvæðis við áætlað athafnasvæði.

HER telur að umhverfisáhrif sem lýst er í matskýrslu fylgi að lang stærstum hluta framkvæmdinni við gerð athafnasvæðis Björgunar en að litlu leiti vegna starfsemi fyrirtækisins á athafnasvæðinu þ.e. starfsemi sem hér er sótt um starfsleyfi fyrir. Skipulagsstofnun beinir tilmælum til HER um að í starfsleyfi sé ákvæði um vöktun á gruggmyndun og ákvæði um mögulegar úrbætur setlóni til að draga úr áhrifum ef setflutningar verða úr setlóninu. Komið er til móts við tilmælin með ákvæðum 5. kafla í starfsleyfisskýrðum. Mögulega munu gögn vegna vöktunar á setflutningum gefa færi á mati á áhrifum á strönd Þerneyjar en það á eftir að koma í ljós. Einnig eru í starfsleyfi ákvæði sem eru til þess fallin að hægt sé að gera úrbótakröfur varðandi hæð efnishauga og fok úr þeim, mögulegt ónæði vegna hávaða eða titrings frá starfsemi.



4. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir malar- og sandvinnslu og olúgeyma til eigin nota á vegum Björgunar ehf. á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/tillogur-ad-starfsleyfi-i-auglyssingu>. Auglýsingin var birt þann 14. desember 2022 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 12. janúar 2023.

5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Ein athugasemd barst við auglýsta tillögu að starfsleyfi og er gerð grein fyrir henni hér að neðan og sem og svari HER.

Umsögn íbúaráðs Kjalarness dags. 12. janúar 2023 um tillögu að starfsleyfi fyrir Björgun ehf. í Álfsnesvík vegna nýrrar starfsemi.

Lýst er yfir áhyggjum af neikvæðum áhrifum af sandtöku á strandlengju Kjalarness og inn í Hvalfjörð. Leita þarf allra leiða til að koma í veg fyrir slík neikvæð áhrif á strandlengjuna. Jafnframt telur íbúaráðið að vöktun með strandlengjunni sé nauðsynleg.

Svar HER: Hér er fjallað um málsmeðferð vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir malar- og sandvinnslu ásamt olúgeymum til eigin nota á athafnasvæði Björgunar að Víðinesvegi 22 í Álfsnesvík. Ekki verður betur skilið en að athugasemdin snúi að námi efna á sjávarbotni og mögulegum áhrifum námsins á strandlengju Kjalarness og inn í Hvalfjörð. Sú vinnsla er ekki hluti af þessu máli og er HER ekki leyfisveitandi fyrir námi jarðefna á sjávarborni heldur Umhverfisstofnun, sbr. gr. 7 í lögum nr. 7/1998, sem jafnframt er eftirlitsaðili með starfseminni. Athugasemdin á betur við um það leyfi og ætti að koma á framfæri við Umhverfisstofnun.

6. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

7. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur (umhverfis- og heilbrigðisráðs) ef lagt fyrir nefndina.

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, var ofangreind starfsleyfisumsókn Björgunar ehf. tekin fyrir á 1679. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 17. janúar 2023 og samþykkt að gefa úr starfsleyfi fyrir starfsemina til 12 ára.

8. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 19. janúar 2023.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi